



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2018-073U014**

Dagsetning: **16. maí 2018**

Staðsetning: **Suðurlandsvegur vestan við Markarfljót**


Atvik: **Framanákeyrsla**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Mercedes Benz bifreið var ekið vestur Suðurlandsveg skammt vestan við Markarfljót þegar Kia bifreið sem ekið var austur Suðurlandsveg var ekið yfir á rangan vegarhelming og framan á Mercedes Benz bifreiðina. Ökumaður Mercedes Benz bifreiðarinnar lést í slysinu en ökumaður og farþegar Kia bifreiðarinnar hlutu ekki lífshættulega áverka.

Staðsetning



Látin:

49 ára kona

Veður og birta:

Hiti 9°C, V 9 m/s, þurr og bjart

Vegur:

Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst
Meðaltalsumferð á sólarhring er 3.057 ökutæki

Tími sólarhrings:

14:36

Ökutæki:

Kia Sorento nýskráð 2018, eiginþyngd 1955 kg
Mercedes Benz C180 nýskráð 2000, eiginþyngd 1310 kg

Lýsing á slysi

Um miðjan dag þann 16. maí 2018 var Mercedes Benz bifreið ekið vestur Suðurlandsveg skammt vestan við Markarfljót. Ökumaður var einn í bifreiðinni og var hann með öryggisbelti spennt.

Á sama tíma var Kia Sorento bifreið ekið í gagnstæða átt austur Suðurlandsveg. Í bifreiðinni var ökumaður ásamt tveimur farþegum og voru allir spenntir í öryggisbelti.

Þegar bifreiðunum var ekið inn á brúna við Gunnarshólmalænu var Kia bifreiðinni ekið yfir á rangan vegarhelming og í veg fyrir Mercedes Benz bifreiðina. Harður árekstur varð á milli bifreiðanna á brúnni með þeim afleiðingum að Mercedes Benz bifreiðin snérist og fór að hluta til upp á vegrið á brúnni og Kia bifreiðin snérist rangsælis í hring á veginum.

Loftpúðatölva í Kia bifreiðinni sýndi að ökumaður bifreiðarinnar steig ekki á bremsur og tók ekki fótinn af bensíngjöfnni síðustu 5 sekúndurnar fyrir áreksturinn og hefur sennilega sofnað undir stýri eða ekki verið með athygli við akstur bifreiðarinnar.

Ökumaður Mercedes Benz bifreiðarinnar lést af völdum fjöláverka sem hann hlaut í slysinu.

Áverkar

Ökumaður í Mercedes Benz bifreiðinni var spenntur í öryggisbelti og loftpúði í stýri strakk út. Mikil aflögun varðs hins vegar inn í ökumannsrými bifreiðarinnar og ökumaðurinn banvæna fjöláverka.

Ökumaður og farþegar í Kia bifreiðinni hlutu nokkra áverka í slysinu en ekki lífshættulega. Farþegar bifreiðarinnar sögðust hafa verið með öryggisbeltin spennt þegar slysið varð og talið er að ökumaður hafi einnig verið með öryggisbelti.

Ökutækin

Mercedes Benz bifreiðin var nýskráð árið 2000. Hún hafði verið færð til aðalskoðunar í ágúst árið 2017 og stóðst bifreiðin skoðun með kröfu um minniháttar lagfæringar.

Bifreiðin var færð til bíltæknirannsóknar í kjölfar slyssins og var niðurstaðan sú að orsök slyssins verði ekki rakin til ástands ökutækisins í aðdraganda slyssins.

Kia bifreiðin var nýskráð í janúar árið 2018 og hafði þá verið færð til fulltrúaskoðunar án athugasemda. Bifreiðin var færð til bíltæknirannsóknar í kjölfar slyssins og var niðurstaðan sú að orsök slyssins verði ekki rakin til ástands ökutækisins í aðdraganda slyssins.

Ökuhraði

Hámarkshraði á vettvangi er 90 km/klst við bestu aðstæður.

Hraði Kia bifreiðarinnar síðustu sekúndurnar fyrir áreksturinn fékkst úr loftpúðatölvu hennar, skráður 101 km/klst. Ekki var hægt að afla slíkra gagna úr búnaði Mercedes Benz bifreiðarinnar en útreiknaður hraði hennar var um 88 km/klst.

Vegur og umhverfi

Brúin þar sem slysið varð er tvíbreið með steypu brúargólfi og er ein akrein í hvora akstursátt. Samanlögð breidd akreinanna er rétt yfir 7 metrar. Engin aðgreining var á milli akstursátta og miðlínur voru ekki sjáanlegar á brúargólfinu en kantlínur voru til staðar.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstöður áfengis- og lyfjaprófana á öikumönnum beggja bifreiða voru neikvæðar.

Orsakagreining

- Ökumaður Kia bifreiðarinnar ók yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir Mercedes Benz bifreiðina
- Ökumaður Kia bifreiðarinnar hefur sennilega sofnað eða misst athygli frá akstrinum af óþekktum ástæðum
- Ökumaður Kia bifreiðarinnar ók yfir hámarkshraða

Ábending

Svefn og þreyta

Ökumaður sem finnur fyrir áhrifum þreytu eða syfju á að taka sér hvíld eða hætta akstri. Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa hafa sýnt að svefn og þreyta eru meðal helstu orsaka banaslysa í umferðinni. Því er brýnt að öikumenn forðist að aka þreyttir. Margar rannsóknir hafa sýnt að þreyta skerðir aksturshæfni sem og að hætta er á að þreyttur ökumaður dotti eða jafnvel sofni undir stýri. Eins ættu allir að vera á verði og gera athugasemdir við ferðaáætlanir vana og ættingja ef sýnt er að þær geri ekki ráð fyrir nægjanlegri hvíld öikumanns.



Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Guðrún Nína Petersen

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa:

Brynjar Stefánsson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 22. maí 2020
Rannsóknarnefnd samgönguslysa